



Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Reykjavík, 21.05.21

Samráðsgátt stjórnvalda

Umsögn um drög að aðgerðaáætlun fyrir bráðapjónustu og sjúkraflutninga

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hefur lengi talað fyrir því að efla og styrka sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan spítala. Við tökum því fagnandi að unnið sé að gerð aðgerðaráætlunar til ársins 2025 og viljum jafnframt þakka tækifærið til að fá að koma að mótun hennar hér í samráðsgátt stjórnvalda. LSS vill með þessu innslagi koma fram sínum ábendingum er varða drögin og fleira er varðar framtíð sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan spítala.

Mikilvægi málaflokksins er óumdeilt og snertir hann alla þá sem landið byggja og alla sem það heimsækja. Það er mikil áskorun að reka kerfi á okkar strjálbýla landi sem mætir þeim kröfum og tryggir sem jafnast aðgengi að þjónustu. Fleiri áskoranir blasa við til lengri tíma en breytt aldurssamsetning þjóðarinnar trónir þar hvað hæst. Þróunin í faginu er mikil og hröð. Tækniþróun og hækkað menntunarstig styðja við getu okkar til að bjarga mannlífum og minnka örorku í kjölfar slysa og bráðra veikinda. Þjónustan hefur nú færst frá því að einblína á flutning til sjúkrastofnana og er sérhæfð heilbrigðisþjónusta nú í auknu mæli veitt á vettvangi af sjúkraflutningamönnum og bráðataeknum. (*hér eftir samnefndir sem sjúkraflutningamenn*). Gæði þjónustu og upplifun sjúklings skiptir okkur höfuðmáli. Aukin krafa er um alla þessa þætti meðal landsmanna og vex hún samhliða þróuninni. Einnig eykst krafan um bætt vinnuumhverfi þeirra sem þjónustuna veita, því starfið er oft á tíðum hættulegt og unnið við erfiðar aðstæður.

Á Íslandi viljum við reka viðbragðskerfi bráðapjónustu sem mætir kröfum nútímans og fylgir þróuninni áfram. Við þurfum að horfast í augu við þá stöðu sem uppi er í dag, umgjörð málaflokksins er vanmáttug og áskoranirnar eru margar

- Þörf er á samræmingu í faglegri framkvæmd sjúkraflutninga
- Þörf er á samræmdum viðmiðum um gæði þjónustu og stig viðbragðs
- Þörf er á á óbeinum faglegum stuðningi í formi klínískra verklagsleiðbeininga
- Þörf er á beinum faglegum stuðningi í gegn um fjarskipti.
- Þörf er á rafrænni sjúkraskráningu og aukinni úrvinnslu gagna
- Styrkja þarf stoðir grunn- og framhaldsmenntunar
- Tryggja þarf viðhaldsmenntun
- Óljós umgjörð og ábyrgð gagnvart vettvangsliðum
- Þeir aðilar sem merktir eru fyrir faglegri umsjón og faglegri ráðgjöf hafa illa skilgreind hlutverk og takmarkaðar bjargir

Við skipulagningu næstu fimm ára þarf það að vera skýrt að ekki er nóg að viðhalda því kerfi sem við reukum í dag. Hér þarf að lyfta grettistaki ef við ætlum að bjóða upp á þjónustu sem mætir kröfum almennings og fylgja þeirri þróun sem orðið hefur í mörgum af þeim löndum sem við kjósum að bera okkur saman við.

LSS lýsir yfir ánægju með að vinna við mótun málaflokks bráðapjónustu og sjúkraflutninga þokist áfram. Það er gott að sjá að stuðst hefur verið við áður unnin gögn og viðleitni sé til þess að svara ákalli á umbætur. Heilt yfir er LSS ánæggt með þá punkta sem komnir eru í drögin og lið fyrir lið er LSS almennt sammála þó enn



vanti kjöt á beinin. Því skal haldið til haga en sérstaklega verður nefnt það sem breyta mætti eða bætt við.

Gegnumgangandi mætti skilgreina markmið betur og hver helstu verkefni tengd þeim eru (*sbr. td. 5 ára áætlun heilbrigðisstefnu*)

Endurskoða ætti inngang skjalsins og skýra með betri hætti hvað liggur til grundvallar markmiðanna og hver aðkoma fagráðs sjúkraflutninga var í þessu ferli. Skilja mætti að fagráð sjúkraflutninga hafi átt beina aðkomu að gerð skjalsins en það var ekki raunin. Mikilvæg áherslumál sem fagráðið hefur ráðlagt HRN hafa ekki ratað í drögin.

LSS leggur áherslu á gott samráð þegar kemur að framtíðarskipulagningu bráðapjónustu og sjúkraflutninga og enn fremur að sátt ríki milli þeirra sem koma að málaflokknum. Það er gott að samband HRN og LSS sé að styrkjast og við viljum treysta það enn frekar.

Miðstöð Bráðapjónustu og Sjúkraflutninga

LSS styður heilshugar áform um stofnun MBS og hefur lengi talað fyrir stofnun sjálfstæðrar einingar sem hafi það hlutverk að samræma faglega framkvæmd sjúkraflutninga á landsvísu. Bráðapjónusta og sjúkraflutningar á Íslandi standa fyrir mörgum áskorunum í dag en þær helstu voru nefndar hér fyrir ofan. Miðstöðin gæti sameinað margar af lausnum þeirra í eina.

Hugmyndin er þó enn ekki fullmótuð og það er misjafnt hvernig aðilar sjá fyrir sér hina eiginlegu framkvæmd og fyrirkomulag starfsemi miðstöðvarinnar. Þá hefur ekki verið gefið út hvernig Heilbrigðisráðuneytið (HRN) sér framkvæmdina fyrir sér. Ákallið á umbætur helst óbreytt en þróa þarf lausnir í sífellu og það er ljóst að enn er mikil vinna fyrir höndum. Í ljósi þess er sérstaklega mikilvægt að HRN notist áfram og í auknu mæli við faglega ráðgjöf fagráðs sjúkraflutninga og framlag LSS. Það er líka mikilvægt að verkefnið verði unnið í góðu samstarfi við þá sem sinna rekstri sjúkraflutninga.

Taka þarf fram í aðgerðaráætlun hvernig miðstöðin skuli upp byggð og hver hennar verkefni séu. Í grunninn er það þörfin á lausn ofangreindra vandamála sem skiptir máli. Grunnviðmið um framkvæmd sjúkraflutninga eiga að vera samræmd landið um kring og mega ekki sveiflast eftir árferði, breyttum áherslum í rekstri eða öðrum óstöðuleika.

Í stórum atriðum sér LSS fyrir sér að MBS:

- Setji viðmið um faglega framkvæmd sjúkraflutninga
- Sinni almennum gæðamálum, innleiðingu nýjunga og stuðli að faglegri framþróun
- Uppfæri og haldi utan um námskrá sjúkraflutningamanna og skilgreini starfsvið hvers menntunarstigs
- Uppfæri klínískar verklagsleiðbeiningar, gefi út og geri aðgengilegar
- Setji viðmið um endurmenntun sjúkraflutningamanna
- Vinni úr gögnum rafrænnar sjúkraskráninga í sjúkraflutningum og bráðapjónustu
- Haldi úti faglegum samráðsvettvangi þeirra sem koma að framkvæmd bráðapjónustu og sjúkraflutninga



- Miðstöðin skuli ekki notuð til þess að færa rekstur sjúkraflutninga á eina hendi, heldur til faglegrar samræmingar einmitt vegna þess að á Íslandi fyrirfinnast ólík rekstraform sem passa ólíkum staðháttum og aðstæðum.

Bæta þarf í aðgerðaráætlun nánari lýsingu á stofnun og fyrirkomulagi MBS
Bæta þarf í aðgerðaráætlun helstu markmiðum og sundurliða þau milli ára.
Bæta þarf í aðgerðaráætlun hver séu meginverkefni til þess að ná markmiðum (*sbr. td. Fimm ára aðgerðaáætlun heilbrigðisstefnu 2021 til 2025.*)

LSS kallar á frekari vinnu um málið og óskar jafnframt eftir því að fá sæti við borðið.

Rétt þjónusta á réttum stað

Þjónustuviðmið

Mikilvægur þáttur í samræmingu þjónustu og í því að tryggja öryggi landsmanna. Búið er að kalla eftir þeim í skýrslum frá 2008, 2012 og 2020. Í reglugerð um framkvæmd sjúkraflutninga nr. 262/2011 er gert ráð fyrir því að fagråd sjúkraflutninga geri tillögur að þjónustuviðmiðum til ráðherra. Efla þarf fagráðið til verksins eða tryggja að sá hluti MBS sem taka á við því verði starfrækur sem fyrst.

LSS leggur það til að líkt og talið er upp í skýrslu starfshóps frá 2020, *Miðstöð um bráðþjónustu og sjúkraflutninga OG drög að þjónustuviðmiðum*, skuli stefnt að því að viðmið séu til um:

- Skipulag hvers svæðis vegna bráðaviðbragðs og sjúkraflutninga
- Greiningu og boðun neyðarlínunnar
- Stig viðbragðs, menntunarstig og þjálfun (þmt. vettvangsliða)
- Útkallstíma og önnur tímamörk
- Farartæki og búnað
- Faglegan stuðning
- Gæðamál

Bæta þarf inn í aðgerðaráætlun hver helstu verkefni eru til þess að ná markmiðinu en ráðast þarf í mikla þarfagreiningu sem liggja skal til grundvallar þjónustuviðmiða.

Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur

LSS vill undirstrika mikilvægi þessarar vinnu. Henni þarf að koma aftur í sinn farveg en starfsfólk sem áður sinnti þessu verkefni var sett í vinnu tengt Covid-19 og hjólin stöðvuðust. Vinnan er langt komin og nú þarf að setja aftur í gang. Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur eru forsenda fyrir margri annarri vinnu sem tengist gæðamálum, rannsóknum og faglegri framþróun. Tenging við sögukerfi sjúklings, upplýsingar um meðferðartakmarkanir, ofnæmi og aðrar viðvaranir er meðal þess sem bætir þjónustuna og tryggir örugga meðferð.

Án tafar þarf að virkja aftur þann starfskraft sem merktur var verkinu. Aðgerðaráætlunin ætti að taka fyrir næstu skrefin eftir útgáfu og innleiðingu smáforritsins. Gera þarf ráð fyrir áframhaldandi vinnu vegna tæknilausna og viðhaldi kerfisins.

Faglegur stuðningur

Skýrt ákall er eftir bættu aðgengi að faglegum stuðningi fyrir þá sem koma að bráðþjónustu og sjúkraflutningum. Beinn faglegur stuðningur í fjarskiptum nýttist



fleirum en sjúkraflutningamönnum en hann nýtist einnig læknum, neyðarvörðum sem sinna greiningu og boðun og fleirum sem koma að bráðabjónustu.

Fólkið í forgrunni

Við fögnum þeim áherslum er koma fram í kaflanum. Bráðabjónusta utan sjúkrahúsa er í sögulegu samhengi ungt fag. Á fáeinum áratugum hefur það vaxið mikið og eitt af því sem stendur upp úr er menntun þeirra sem þjónustuna veita. Með því að efla mannauðinn okkar, teljum við að ekki aðeins megi jafna aðgengi landsmanna að bráðabjónustu til muna heldur einnig ná fram fjárhagslegri hagræðingu fyrir rekstraraðila með betri nýtingu á starfsfólki. Eins og nefnt er í drögunum er margt spennandi í deiglu menntamála hér á landi og framtíðin björt. Við viljum leggja áherslu á að þessum málum verði sérstaklega vel sinnt því það er okkar mat að í öflugum mannauði liggi grunnurinn að góðri heilbrigðisþjónustu. Í þessu samhengi teljum við ráðlegt að líta til þeirra nágrannalanda okkar er við viljum bera okkur saman við. Við viljum koma á framfæri vilja okkar til samstarfs í þróun þessara mála.

Viðhaldsþjálfun

Það væri mikil framför að setja í starfshlutfall þá sjúkraflutningamenn sem í dag sinna eingöngu útköllum. Gera þarf greinarmun á þeim sem vinna við sjúkraflutninga í fullu starfi þar sem þetta á ekki við. Efla þarf engu að síður viðhaldsþjálfun hjá þeim aðilum. Slökkviliðin og aðrir stærri rekstraraðilar átta sig á mikilvægi viðhaldsþjálfunar og reyna að koma henni við eins og unnt er en krafan þarf að vera skýr frá HRN og skapa þarf rekstraraðilum tækifæri til þess að framfylgja þeim þegar samið er um þjónustuna. Viðmið þurfa að vera til staðar um viðhaldsþjálfun sem ganga jafnt á alla þá sem veita bráðabjónustu. Það yrði mikilvægur liður í því að auka gæði og samræmingu þeirrar þjónustu sem veitt er á landsvísu.

Simbulance

LSS hefur kallað eftir og styður heilshugar að settur verði í umferð þjálfunarsjúkrabíll búinn til hermipjálfunar. Hermipjálfun er ekki bara framtíðin, hún er nútíðin. Hefur hún sannað sig sem eitt besta verkfærið til þess að þjálfna mikilvæg inngrip sem þarf að framkvæma fumlaust í sjaldgæfum en alverlegum tilfellum. Hermipjálfun er notuð í vaxandi mæli í heilbrigðisþjónustu og aukin tækifæri skapast með bættri tækni. Hermipjálfun á að vera reglulegur liður í viðhaldsþjálfun sjúkraflutningamanna. Þjálfunarsjúkrabíll af þessu tagi er vel til þess fallinn að jafna aðgengi að þjálfun fyrir þá sem sinna bráðabjónustu en það er sérstök áskorun í dreifðari byggðum.

Bæta þarf í drögin helstu markmiðum og verkefnum.

Sérstök menntun

Það eru sjúkraflutningamenn sem vinna við sjúkraflutninga. Tveir löggiltir sjúkraflutningamenn eiga að manna hvern sjúkrabíl. Ef þörf er á sérhæfðum inngripum umfram það sem menntunarstig áhafnarinnar býður upp á og bráðatæknar ekki hluti af skipulögðu viðbragði fylgir gjarnan læknir eða hjúkrunarfræðingur með í útkallið. Útfæra mætti námskeið fyrir þessa aðila í almennri vettvangsvinnu og áherslum í bráðabjónustu á vettvangi. Þar að auki þarf að setja viðmið um hvernig önnur heilbrigðismenntun (tam. hjúkrunarfræðimenntun) nýtist sjúkraflutningamönnum til vikkunar starfsviðs (e. „*scope of practice*“)

Grunnnám í sjúkraflutningum ætti í öllum tilfellum að vera lágmark til löggildingar sjúkraflutningamanns.



Skólakerfið

Styrkja þarf stöðir grunn- og framhaldsnáms. Styrkja þarf Sjúkraflutningaskólann til muna ef hann á að standa undir kröfum. LSS vill öflugna menntastofnun til að sinna grunn- og framhaldsmenntun. LSS telur að nám sjúkraflutningamanna ætti að telja til viðurkenndra námseininga og bjóði upp á möguleika til frekara náms. Byggja mætti brú fyrir núverandi bráðatækna til háskólagráðu. Athuga svo hvort koma ætti á laggirnar B.Sc. námi í Paramedicine í framtíðinni og þá diplomanámi fyrir annað heilbrigðisstarfsfólk sem vill tengjast faginu í þá áttina.

Öryggi og velferð

Mikilvægan kafla vantar í drögin en það er sá kafli sem snýr að velferð og vinnuaðstæðum sjúkraflutningamanna og öryggissjónarmiða í bráðabjónustu og sjúkraflutningum.

LSS og fagráð sjúkraflutninga hafa komið sjónarmiðum á framfæri um bættu öryggisvitund og aukna áherslu á vinnuvernd í framkvæmd sjúkraflutninga. Stuðla á að bættum aðbúnaði sjúkraflutningamanna og auknu öryggi skjólstæðinga sem og annara á vettvangi og í flutningi. Sjúkraflutningar eru líkamlega krefjandi starf. Álagsmeiðsli sjúkraflutningamanna eru algeng og kostnaðarsöm. Viðeigandi léttibúnaður getur minnkað líkur á álagsmeiðslum. Taka ætti þessi mál sérstaklega fyrir og leita ætti markvisst leiða til þess að fækka álagsmeiðslum og minnka starfstengda áhættu. LSS óskar eftir samstarfi í þeim málum.

Bæta þarf inn í drögin markmiði um að fjölga rafmagnsdrifnum börum og stólum og að skoða þurfi hvar nýta megi frekari léttibúnað.

Aðstæður til að vinna við sjúkling í sjúkrabíl eru oft erfiðar og þeim fylgir áhætta. Mikilvægt er að aðstaða sé góð þegar veita á mikilvæg inngrip í bráðum aðstæðum. Með innleiðingu stærri sjúkrabíla af C-klassa skv staðli IST EN-1789 má bæta úr þessu til muna.

LSS tekur undir umsögn #6 í samráðsgátt frá Birgi Finnssyni - 20.05.2021

Forgangsakstur er meðal hættulegustu þátta þjónustunnar. Þjálfun ökumanna er mikilvægt öryggisatriði. Æskilegt er að gerðar séu skýrari kröfur um þjálfun vegna forgangsaksturs líkt og gert er í Noregi og fleiri löndum. Ástand bifreiða skiptir einnig miklu máli fyrir öryggi allra sem þá nota og annarra vegfarenda. Núverandi viðmið eru að sjúkrabifreiðar skuli endurnýjaðar áður en þær ná 10 ára aldri eða 200 þúsund kílómetra akstri. LSS telur að þessar kröfur ætti að herða.

4. Virkir notendur

Vettvangsliðar

Við erum öll notendur viðbragðskerfisins og við viljum öll eiga kost á lífsbjargandi inngripum þegar heilsu okkar er ógnað. Af augljósum ástæðum er ekki hægt að staðsetja sjúkrabíla þannig um allt land að búast mætti við sama útkallstíma og í þéttbýli en þar koma vettvangsliðar inn. LSS hefur ályktað um málefni vettvangsliða en þar kemur ma. fram að slökkviliðin ættu að vera fyrsti kostur þegar stofna á vettvangsliðahóp. Hlutverk vettvangsliða í skipulögðu bráðaviðbragði þarf að skilgreina. Skilgreina þarf starfssvið þeirra, viðmið um þekkingu og hæfni og enn



fremur þarf að tryggja réttindi þeirra en vettvangsliðar leggja oft mikið á sig til þess að svara kallinu og standa frammi fyrir sömu hættum og sjúkraflutningamenn í starfi sínu.

5. Skilvirk þjónustukaup

Þjónustuviðmið

Hér vantar inn markmið og helstu verkefni á borð við þarfagreiningu sem liggja skal til grundvallar þjónustuviðmiða.

Val á rekstraraðilum

Mikilvægt er að fyrirkomulag sé til langtíma. Passa þarf að gert sé ráð fyrir fjölgun verkefna og auknu vægi sjúkraflutninga þegar samið er við rekstraraðila. Stöðuleiki í rekstri þjónustunar skiptir höfuðmáli og er algjör forsenda uppbyggingar. Nýta ætti kosti samlegðar reksturs bráðþjónustu og sjúkraflutninga með slökkviliðum þar sem þess er kostur. Öflugt viðbragðskerfi er hagsmunamál allra landsmanna.

Búnaður og bifreiðar/farartæki

Sjálfsgætt er að kanna möguleika til þess að auka hagkvæmni en LSS leggur áherslu á að það megi alls ekki rýra bráðþjónustu. Minni sjúkrabílar henta ekki þar sem sinna á bráðveikum og slösuðum eða veita á sérhæfða aðstoð. LSS vill minna á kosti þess að eiga til vel útbúnar sjúkrabifreiðar en þjónustuna þarf að miða við að bregðast megi við stærri atvikum, breytingum á eftirspurn og tímabundnum breytingum. LSS vill benda á að fagráð sjúkraflutninga hefur gert athugasemdir við gildandi kröfulýsingu um sjúkrabifreiðar bæði hvað varðar fjölda og stærðir bifreiða. Kröfulýsingin gerir til dæmis einungis ráð fyrir 68 bifreiðum en Rauði krossinn útvegar samt sem áður þann fjölda sem að lágmarki þarf og eru það um 85 sjúkrabifreiðar. Mikilvægt er að kröfulýsing sé uppfærð og leiðrétt fyrir gerð næsta samnings. Ekki er deilt um þörfina, þetta strandar á framkvæmdinni. LSS ítrekar þær kröfur um að taka eigi í notkun C-klassa sjúkrabifreiðar samkvæmt staðli IST EN-1789. Mikilvægt er að koma því að fyrir endurnýjun samnings við Rauða krossinn. Með innleiðingu C-klassa bifreiða má bæta vinnuáðstöðu sjúkraflutningamanna, auka getu til að meðhöndla alvarlega veika og slasaða sjúklinga, auka öryggi sjúkraflutningamanna og sjúklinga á meðan á flutningi stendur og minnka líkur á álagsmeiðslum. C-klassa bifreiðum fjölgar í Evrópu og hagkvæmari framleiðsluáðferðir leiða af sér minnkað kostnaðarbil. Stóri kostnaðurinn þegar upp er staðið er í mannauði. Bæta ætti aðstöðu starfsmanna svo framlagið nýtist betur og minnka megi líkur á fjarveru vegna stoðkerfisvandamála.

Bæta þarf inn í drögin markmiði um að innleiða C-klassa bifreiðar fyrir gerð næsta samnings. Gera ætti ráð fyrir 10 bifreiðum í næsta samningi.

Samræming búnaðar

Mikilvægur hluti búnaðar sjúkrabíla eru hjartasíritar / hjartastuðtæki. Með þeim er hægt að gera fjarvöktun mögulega þannig að læknir á bráðamóttöku geti fylgst með lífsmörkum þegar sjúklingur er tengdur við síritann. Slíkt myndi auðvelda faglegan stuðning við sjúkraflutninga og bæta þjónustuna. Æskilegt er að samræma alla hjartasírita/-stuðtæki á Íslandi og að þeir styðji við fjarheilbrigðisþjónustu. Nauðsynlegt er að samræma allan þennan búnað á Íslandi með útboði eða leigu. Skoða ætti einnig frekari lausnir í samræmingu búnaðar.



Léttbúnaður

Rafdrifnar sjúkrabörur og sjúkrasstólar er búnaður sem notaður er til að léttast störf sjúkraflutningamanna og minnka líkur á álagsmeiðslum. Þennan búnað þarf að koma í sem flestar bifreiðar sem eru í framlínu á landinu og einnig þarf að samræma allar sjúkrabörur eða börufestingar á landinu svo með góðu móti sé hægt að flytja sjúklinga á milli bíla eða flugfars. Búið er að kanna fjárhagslegan ávinning, aftur, kostnaðurinn liggur í mannauðnum.

6. Gæði í fyrirrúmi

Sjúkraflutningamenn leggja ávallt mikið upp úr því að bæta þjónustuna. Við ætlum að gera betur. Sjúkraflutningamenn vilja vera leiðandi þegar kemur að því að bæta og tryggja gæði þjónustunnar.

Vinnuferlar

Við viljum vinna eftir uppfærðum klínískum leiðbeiningum. Þörf er á heildaruppfærslu sem er unnin er eftir ströngustu faglegu kröfum, í skýru umboði, gefin út og gerð aðgengileg. Þetta verkefni er ekki leyst með annarri hendi. Koma þarf í gang vinnu sem sem allra fyrst sem MBS tekur svo við. Leiðbeiningarnar skulu ná til allra menntunarstiga sem sinna bráðþjónustu í skipulögðu viðbragi og þar með talið vettvangsliða. Mikilvægt er að átta sig á að ekki er nóg að gefa út uppfærðar leiðbeiningar og hætta svo, þeim þarf að viðhalda og endurskoða í heild á 2 ára fresti.

Samræmdir gæðavísar hjá öllum þjónustuaðilum

Árangursmælikvarða (KPI's) þarf að innleiða. Þeir ættu að vera gangreyndir eins og kostur er og endurskoðaðir reglulega. Samræma ætti þá við nágrannalönd og bera saman bækur. Vísað er í skýrslu starfshóps frá 2020 um árangursmælikvarða, *Miðstöð bráðþjónustu og sjúkraflutninga OG drög að þjónustuviðmiðum*. Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur eru grunnforsenda þess að þetta sé hægt. Koma þarf af stað samræmdri atvikaskráningu og vinna úr svo hægt sé að bæta þjónustuna og auka öryggi.

Bæta þarf inn í aðgerðaráætlun hvaða árangursmælikvarða skuli stefnt á að innleiða, hvers konar atvik á að halda utan um og hvernig skuli vinna með.

Framtíðin

Fjarheilbrigðislausnir

Framtíðin opnar nýja möguleika. LSS sér fyrir sér að með hækkuðu menntunarstigi og aukinni framhaldsmenntun bráðatækna fái sjúkraflutningamenn stærra hlutverk í heilbrigðisþjónustunni. Bráðatæknar öðlast aukna getu til þess að veita þjónustu í heimahúsi og geti með betri hætti afgreitt tilfelli á staðnum og tengt sjúklinga við úrræði heilsugæslu. Heimsóknir og eftirfylgni sjúklinga í áframhaldandi meðferð yrðu þar á meðal. Þannig mætti minnka þörf fyrir komu á bráðamóttöku og fækka innlögnum. Ávinningurinn mikill þar sem meðalaldur þjóðarinnar hækkar. *Community paramedics* er vel þekkt hugtak erlendis og mætti innleiða hér í þessu samhengi. Fjarheilbrigðislausnir eru mikilvægt verkfæri í þessu samhengi en verkferlar þurfa einnig að styðja breyttar áherslur í þjónustunni.



Samvinna og tengsl stofnana og rekstraraðila sem sinna sjúkraflutningum
LSS vill góða samvinnu milli rekstraraðila sjúkraflutninga og heilbrigðisstofnana. Hér er nefnd aukin þörf fyrir afgangi tilfella á staðnum. Nánari markmiðum mætti bæta við.

Sjálfbærni

LSS styður að stefnt sé að aukinni sjálfbærni í framkvæmd sjúkraflutninga og bráðapjónustu.

Að lokum

Það eru margar áskoranir sem viðbragðskerfið okkar stendur frammi fyrir í dag en jafnframt eru tækifærin mörg. LSS horfir enn bjart fram á veginn um framtíð sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan spítala. Við vonumst eftir náinni samvinnu við ráðuneyti málaflokksins í skipulagi og framkvæmd þeirra lausna sem hér um ræðir.

Fyrir hönd LSS

Stjórn fagdeildar sjúkraflutningamanna LSS